

Eignarhlutir ehf.

Ársreikningur 2021

Eignarhlutir ehf.
Kt. 491106-0180
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Félagið var stofnað 7. nóvember árið 2006 og tók til starfa sama ár.

Tilgangur félagsins er eignarhald og umsýsla eignarhluta íslenska ríkisins í félögum og fyrirtækjum sem félaginu hefur verið falið að fara með. Ráðstöfun slíkra eignarhluta til þriðja aðila er óheimil nema með samþykki fjármálaráðherra enda liggja fyrir lagaheimild þar sem við á.

Með kaupsamningi ríkissjóðs á eignarhlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun sf. þann 1. nóvember 2006 eignaðist ríkissjóður 99,9% eignarhlut í félaginu. 0,1% var lagt til hlutafélags í eigu ríkissjóðs sem stofnað var í þeim tilgangi. Samkvæmt kaupsamningum yfirtók félagið 0,1% hlut í Landsvirkjun þann 1. janúar 2007 og var kaupverðið 60,5 m.kr.

Hlutfé félagsins er 500 þús. kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Enginn starfsmaður var hjá félaginu á árinu 2021 og engin stjórnarlaun greidd.

Á árinu varð 4,7 m.kr. hagnaður af rekstri félagsins samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 61,4 m.kr., skuldir 37,7 m.kr. og eigið fé félagsins nam 23,7 m.kr. þann 31. desember 2021.

Stjórn félagsins vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun rekstrarhagnaðar ársins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhluta ehf. staðfesta ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, júní 2022.

Rafræn undirritun
Sigurður H. Helgason,
stjórnarformaður og framkvæmdastjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Eignarhluta ehf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur félagsins væri í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáráukalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, júní 2022

Rafræn undirritun
Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Eignarhluta ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eignarhluta ehf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Eignarhluta ehf. 31. desember 2021, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Eignarhlutum ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé við gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Eignarhluta ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Áritun endurskoðenda frh.

Endurskoðun okkar er í samræmi við við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna til að geta látið í ljós álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunarinnar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, júní 2022

Rafræn undirritun
Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Aðkeypt þjónusta.....		325.620	202.520
Annar kostnaður.....		36.666	78.300
		<u>362.286</u>	<u>280.820</u>
(Rekstrartap) fyrir fjármunatekjur.....	(362.286)	(280.820)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	7	<u>6.281.818</u>	<u>10.004.018</u>
Hagnaður fyrir skatta.....		5.919.532	9.723.198
Reiknaðir skattar			
Tekjuskattur.....	(<u>1.191.240)</u>	<u>(1.960.300)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>4.728.292</u></u>	<u><u>7.762.898</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir			
Eignarhlutur í Landsvirkjun.....	3,7	60.500.000	60.500.000
		<u>60.500.000</u>	<u>60.500.000</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur.....	4	950	1.586
Handbært fé.....	5	869.932	866.564
		<u>870.882</u>	<u>868.150</u>
Eignir alls		<u><u>61.370.882</u></u>	<u><u>61.368.150</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		150.000	150.000
Annað eigið fé		23.067.674	18.339.382
Eigið fé	8	<u>23.717.674</u>	<u>18.989.382</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður.....		36.443.168	39.947.854
Reiknuð opinber gjöld		1.210.040	2.430.914
	4	<u>37.653.208</u>	<u>42.378.768</u>
Skuldir		<u>37.653.208</u>	<u>42.378.768</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u><u>61.370.882</u></u>	<u><u>61.368.150</u></u>

Sjóðstreymi árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Hagnaður ársins.....		4.728.292	7.762.898
		<u>4.728.292</u>	<u>7.762.898</u>
		Veltufé frá rekstri	
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur, lækkun		636	3.724
Skammtímaskuldir, (lækkun)	(4.725.560)	(7.761.000)
	(<u>4.724.924)</u>	<u>(7.757.276)</u>
		Handbært fé frá rekstri	
		<u>3.368</u>	<u>5.622</u>
Hækkun á handbæru fé.....		3.368	5.622
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>866.564</u>	<u>860.942</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>869.932</u></u>	<u><u>866.564</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Eignarhluta ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/2019.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum.

Skráning gjalda

2. Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast félaginu. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og á ógreidd gjöld í árslok.

Áhættufjármunir

3. Áhættufjármunir eru færðir á kostnaðarverði.

Skammtímakröfur og skammtímaskuldir

4. Skammtímakröfur eru fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur og skammtímaskuldir eru ógreiddur og áætlaður tekjuskattur og eru þær færðar á nafnverði.

Handbært fé

5. Handbært fé er inneign á bankareikningi.

Starfsmannamál

6. Enginn fastráðinn starfsmaður var hjá félaginu og engar launagreiðslur.

Eignarhlutir í öðrum félögum

7. Félagið á 0,1% hlut í Landsvirkjun á móti 99,9% hlut ríkissjóðs. Hlutur félagsins er metinn í samræmi við kaupverð ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarkaupstaðar í nóvember 2006 þ.e. 60,5 m.kr. Á árinu 2021 fékk félagið greiddan arð frá Landsvirkjun að fjárhæð 6,3 m.kr. Eigendaframlög Landsvirkjunar 31.12.2021 í heild nema 76.469 m.kr. og reiknuð 0,1% hlutdeild Eignarhluta ehf. því 76 m.kr. Heildar eigið fé Landsvirkjunar 31.12.2021 nemur 308.840 ma.kr. og reiknuð 0,1% hlutdeild Eignarhluta ehf. því 309 m.kr. Að öðru leyti verður framsetning ársreiknings 2021 með hefðbundum hætti (eignarhlutur bókfærður á kostnaðarverði 60,5 m.kr.)

Eigið fé**Skýringar**

8. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	500.000	150.000	18.339.382	18.989.382
Hagnaður ársins			4.728.292	4.728.292
Eigið fé í árslok	<u>500.000</u>	<u>150.000</u>	<u>23.067.674</u>	<u>23.717.674</u>

Undirritunarsíða

Sigurður Helgi Helgason



Undirritað af:
Sigurður Helgi
Helgason
0708614969
Dags: 24.06.2022
Tími: 11:32:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5adbc62a-
9cdb-4e6d-a7cd-
7d02c3386a99

Óskar Sverrisson



Undirritað af:
Óskar Sverrisson
1405593699
Dags: 30.06.2022
Tími: 15:12:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5adbc62a-
9cdb-4e6d-a7cd-
7d02c3386a99

Guðmundur Björgvin Helgason



Undirritað af:
Guðmundur Björgvin
Helgason
0312645379
Dags: 30.06.2022
Tími: 15:14:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5adbc62a-
9cdb-4e6d-a7cd-
7d02c3386a99